

Sparisjóður Austurlands hf.

Starfskjarastefna

Markmið með starfskjarastefnu Sparisjóðs Austurlands hf. er að kjör stjórnarmanna og stjórnenda leggi grunn að taustum rekstri sjóðsins og ásættanlegri arðsemi hlutafjár með langtímahagsmunum hans, eigenda hans, viðskiptamanna og starfsmanna að leiðarljósi. Markmið hennar er einnig að vera, eftir því sem kostur er, upplýsandi fyrir hluthafa og viðskiptavinum um uppbyggingu starfskjara stjórnarmanna, sparisjóðsstjóra, annarra stjórnenda og starfsmanna. Hún byggir á ákvæði 79. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og leiðbeinandi reglum um góða stjórnarhætti fyrirtækja 1), og greinir frá starfskjörum stjórnenda og stjórnarmanna og stefnu varðandi samninga við þessa aðila.

Starfskjör stjórnar, sparisjóðsstjóra og annarra skulu vera sanngjörn og í samræmi við kjör jafningja í sambærilegum félögum og annarra starfsmanna sparisjóðsins. Skulu kjör vera í samræmi við gang félagsins og almenna launasetningu, taka mið af langtímahagsmunum sparisjóðsins og ásetningu um arðsemi, vöxt og stöðugleika í rekstri.

1. Starfskjör stjórnarmanna.

Stjórnarmenn fá greidda fasta mánaðarlega þóknun fyrir störf sín. Þóknun aðal- og varamanna stjórnar er ákveðin á aðalfundi Sparisjóðsins ár hvert í samræmi við 14. gr. samþykktu sparisjóðsins.

2. Starfskjör sparisjóðsstjóra.

Starfskjör sparisjóðsstjóra skulu ákvörðuð í ráðningarsamningi milli hans og stjórnar sjóðsins. Er í honum kveðið á um ábyrgð og starfssvið, föst laun, lífeyrisgreiðslur, hlunnindi og uppsagnafrest. Ekki er um kaupaukakerfi, yfirvinnugreiðslu eða starfslokagreiðslu að ræða.

3. Starfskjör annarra stjórnenda (skrifstofustjóra).

Starfskjör skrifstofustjóra skulu ákvörðuð í ráðningarsamningi milli hans og stjórnar sjóðsins. Er í honum kveðið á um þau störf sem inna á af hendi, föst laun, lífeyrisgreiðslur, hlunnindi og uppsagnafrest. Ekki er um kaupaukakerfi, yfirvinnugreiðslu eða starfslokagreiðslu að ræða.

4. Aðrir starfsmenn.

Við ákvörðun starfskjara annarra starfsmanna skal sparisjóðsstjóri taka mið af kjarasamningum Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja við Samtök fjármálafyrirtækja og ofangreindum reglum eftir því sem við á.

Lögum samkvæmt skal stjórn sparisjóðsins birta starfskjarastefnu sparisjóðsins í tengslum við aðalfund. Skal hún samþykkt á aðalfundi, með eða án breytinga.

Á aðalfundi skal einnig greina frá kjörum sjórnarmanna og sparisjóðsstjóra í skýringum með ársreikningi sparisjóðsins.

- 1) Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins, maí 2015.

Stjórn Sparisjóðs Austurlands hf.

Samþykkt á stjórnarfundum 9. mars 2020